



Jafnréttisáætlun Ölduselsskóla 2018 - 2021



Samkvæmt 18. gr. laga nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla ber öllum fyrirtækjum og stofnunum þar sem starfa 25 starfsmenn eða fleiri að setja sér jafnréttisáætlun eða samþætta jafnréttissjónarmið í starfsmannastefnu sína. Skal þar sérstaklega kveðið á um markmið og gerð áætlun um hvernig starfsmönnum eru tryggð þau réttindi sem tilgreind eru í 19.–22. gr. laganna. Sem menntastofnanir ber skólum, óháð starfsmannafjölda, að uppfylla 22. og 23. gr. laganna gagnvart nemendum. Jafnréttisáætlanir og jafnréttissjónarmið í starfsmannastefnu skal endurskoða á þriggja ára fresti.

Jafnréttisáætlun Ölduselsskóla tekur gildi í nóvember 2018 – nóvember 2021. Farið verður yfir verkefni og aðgerðir árlega og áætlun endurskoðuð og uppfærð. Allir starfsmenn fara saman yfir það sem gekk vel og það sem betur mætti fara og áætlun uppfærð eftir þeim niðurstöðum. Gert er ráð fyrir að áætlunin geti því verið lifandi plagg sem breytist með tímanum. Starfsmenn munu einnig geta haft áhrif á jafnréttisáætlun með viðhorfskönnunum. Jafnréttisáætlun verður skoðuð sérstaklega á þriggja ára fresti og ný gefin út fyrir nóvember 2021.

19. gr. Launajafnrétti			
<i>„Konum og körlum er starfa hjá sama atvinnurekanda skulu greidd jöfn laun og skulu njóta sömu kjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf. Með jöfnum launum er átt við að laun skulu ákveðin á sama hátt fyrir konur og karla. Skulu þau viðmið sem lögð eru til grundvallar launaákvörðun ekki fela í sér kynjamismun. Starfsmönnum skal ávallt heimilt að skýra frá launakjörum sínum ef þeir kjósa svo.“</i>			
Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Að konur og karlar fái jöfn laun og njóti sömu kjara fyrir sömu eða jafn verðmæt störf.	Greina ólík störf innan grunnskólans og kanna hvort um kynbundinn launamun sé að ræða. Leiðrétta launin ef um óútskýranlegan mun sé að ræða á launum karla og kvenna.	Stjórnendur Skólastjóri/skrifstofu- stjóri.	Vor 2019 Eftir að greiningu lýkur Haust 2019

20. gr. Laus störf, starfsþjálfun, endurmenntun og símenntun			
<i>„Starf sem laust er til umsóknar skal standa opið jafnt konum og körlum.“</i>			
Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Að laus störf standi bæði konum og körlum til boða. Starf í búningsklefa drengja og stúlkna mun alltaf krefjast þess að hafa starfsmann af sama kyni í gæslu. Er þetta	Gerð er samantekt á hlutfalli kynja eftir störfum í grunnskólanum. Í auglýsingum eru bæði kyn hvött til að sækja um starfið.	Skólastjórnendur Skólastjóri	Vor 2019 Er nú þegar.

eina starf innan grunnskólans þar sem kyn starfsmanns getur skipt máli.			
---	--	--	--

20. gr. Laus störf, starfsþjálfun, endurmenntun og símenntun

„Atvinnurekendur skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að konur og karlar njóti sömu möguleika til endurmenntunar, símenntunar og starfsþjálfunar og til að sækja námskeið sem haldin eru til að auka hæfni í starfi eða til undirbúnings fyrir önnur störf.“

Markmið	Aðgerðir	Ábyrgð	Tímarammi
Tryggja að starfsþjálfun, símenntun og endurmenntun sé aðgengileg öllum kynjum.	Bjóða starfshópum sem um ræðir hverju sinni upp á aðra taka þátt í ákveðnum námskeiðum óháð kyni. Greina árlega sókn kvenna og karla í sambærilegum störfum í endurmenntun, símenntun eða starfsþjálfun. Ef hallar á annað hvort kynið, þá hvetja til þátttöku í endurmenntun, símenntun eða starfsþjálfun.	Stjórnendur Stjórnendur	Október 2018 Greining í lok hvers skólaárs. Fyrsta greining vorið 2019.

21. gr. Samræming fjölskyldu- og atvinnulífs

„Atvinnurekendur skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að gera konum og körlum kleift að samræma starfsskyldur sínar og ábyrgð gagnvart fjölskyldu. Ráðstafanir þær skulu m.a. miða að því að auka sveigjanleika í skipulagningu á vinnu og vinnutíma þannig að bæði sé tekið tillit til fjölskylduaðstæðna starfsmanna og þarfa atvinnulífs, þar með talið að starfsmönnum sé auðveldað að koma aftur til starfa eftir fæðingar- og foreldraorlof eða leyfi úr vinnu vegna óviðráðanlegra og brýnna fjölskylduaðstæðna.“

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Vera fjölskylduvænn vinnustaður	Ekki er boðað til funda á kvöldin eða um helgar. Starfsmenn hafa leyfi til að mæta með börn	Skólastjóri Skólastjóri	Er nú þegar Er nú þegar

	<p>sín í vinnu þegar starfsdagar eru í leiksskólum, grunnskólum og hjá dagforeldrum.</p> <p>Starfsfólk hefur færi á því að fara á vinnutíma með börn sín til læknis og til annara sérfræðinga.</p>	Skólastjóri	Er nú þegar
Að bæði konur og karlar nýti rétt sinn varðandi foreldra- og fæðingarorlof og leyfi vegna veikinda barna.	Kynna fyrir öllu starfsfólki réttindi vegna veikinda barna.	Skólastjóri	Kynnt á starfsmannafundi í byrjun skólaárs.
	Kynna starfsfólki sem á von á barni rétt, vegna fæðingarorlofs.	Skólastjóri	Þegar við á.

22. gr. Kynbundið ofbeldi, kynbundin og kynferðisleg áreitni

„Atvinnurekendur og yfirmenn stofnana og félagasamtaka skulu gera sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að starfsfólk, nemar og skjólstæðingar verði fyrir kynbundnu ofbeldi, kynbundinni eða kynferðislegri áreitni á vinnustað, stofnun, í félagsstarfi eða skólum.“

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Að kynbundið ofbeldi, kynbundin áreitni og kynferðisleg áreitni sé ekki liðin á vinnustaðnum og í skólanum.	Fræðsla um kynbundið ofbeldi, kynbundna áreitni og kynferðislega áreitni fyrir kennara, annað starfsfólk og nemendur.	Skólastjórnendur	Í byrjun hvers skólaárs.
Að viðbragðsáætlun sem tekur á kynbundnu ofbeldi, kynbundinni áreitni og kynferðislegri áreitni sé til fyrir vinnustaðinn og í skólanum.	Vinna að gerð áætlunar fyrir skólann sem er byggð á viðbragðsáætlun Reykjavíkurborgar.	Skólastjórnendur	Haust 2019
Viðbragðsáætlunin skal byggja á reglugerð um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri	Vinna að gerð áætlunar fyrir skólann sem er byggð á	Skólastjórnendur	Haust 2019

áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum	viðbragðsáætlun Reykjavíkurborgar.		
---	------------------------------------	--	--

22. gr. Kynbundið ofbeldi, kynbundin og kynferðisleg áreitni

„Ef yfirmaður er kærður vegna ætlaðs kynbundins ofbeldis, kynbundinnar eða kynferðislegrar áreitni verður hann vanhæfur til að taka ákvarðanir í tengslum við starfsskilyrði kæranda á meðan meðferð málsins stendur yfir og skal þá næsti yfirmaður taka slíkar ákvarðanir.“

Markmið	Aðgerðir	Ábyrgð	Tímarammi
Að allir starfsmenn geri sér grein fyrir hvert skal leita vegna kynbundins obeldis, kynbundinnar eða kynferðislegrar áreitni af hálfu yfirmanns.	Kynna fyrir starfsfólki hvert skal leita í viðbragðsáætlun. Að hafa samband við næsta yfirmann sem í kjölfarið vinnur málið með mannauðsdeild Reykjavíkur.	Ef um skólastjóra er að ræða ber aðstoðarskólastjóri ábyrgð. Ef um annan stjórnenda þá ber skólastjóri ábyrgð.	Kynnt á starfsdegi í janúar 2019 en viðbragðsáætlun tilbúin fyrir haust 2019. Á meðan er litið til viðbragðsáætlunar Reykjavíkurborgar.
Ef kennari á í hlut.	Sjá lið að ofan. En viðbragðsáætlun mun einnig taka á ef kennari á í hlut.	Skólastjóri.	

23. gr. Menntun og skólastarf.

„Kynjasambættingar skal gætt við alla stefnumótun og áætlanagerð í skóla- og uppeldisstarfi, þar á meðal íþrótt- og tómstundastarfi. Á öllum skólastigum skulu nemendur hljóta fræðslu um jafnréttismál þar sem m.a. skal lögð áhersla á að búa bæði kynin undir jafna þátttöku í samfélaginu, svo sem í fjölskyldu- og atvinnulífi. Kennslu- og námsgögn skulu þannig úr garði gerð að kynjum sé ekki mismunað. Í náms- og starfsfræðslu og við ráðgjöf í skólum skulu piltar og stúlkur óháð kyni hljóta fræðslu og ráðgjöf í tengslum við sömu störf“.

Markmið	Aðgerðir	Ábyrgð	Tímarammi
Kynjasambættingar skal gætt við alla stefnumótun og áætlanagerð í skólanum. Nemendur fá fræðslu um jafnréttismál þar sem m.a. er lögð áhersla á að búa bæði kynin undir jafna	Fræðsla fyrir starfsfólk um sambættingu jafnréttis- og kynjasjónarmiða. Sambætta jafnréttismál inn í námsgreinar	Skólastjórnendur Stjórnendur og kennarar Kennarar/aðstoðarsk.	Vor 2019 Komið inn í kennsluáætlanir skólaárið 2019 – 2020.

Þátttöku í samfélaginu.	Í ársskýrslum geri kennarar grein fyrir hvernig þeir stóðu að jafnréttisfræðslu.		Skilað í lok skólaárs 2020.
Kennslu- og námsgögn skólans skulu þannig úr garði gerð að kynjum sé ekki mismunað.	Námsefni hvers stigs yfirfarið m.t.t. jafnréttis.	Aðstoðarskólastjórar	Skólaárið 2019 – 2020.
Nemendur hljóti fræðslu og ráðgjöf varðandi nám og störf óháð kyni.	Unnin verði heildstæð náms- og starfsráðgjafar áætlun með áherslu á jafnrétti.	Námsráðgjafi	Tilbúin áætlun haust 2019.